

107. fundur skráningarráðs, haldinn fimmtudaginn 12. janúar 2017 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 10:30-12

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.

2. Sigrún sagði frá verkefnum gæðahóps.

Stærsta verkefni gæðahóps 2017 er að breyta AACR færslum og búa til hybrid færslur sem líkjast RDA færslum. Nauðsynlegt verður að loka gagnagrunninum á meðan yfirfærslan á sér stað. Þetta er áriðandi verkefni áður en nýtt kerfi verður tekið í notkun í ekki svo fjarlægri framtíð. Byrjað er að skoða BK formið.

Það sem verið er að vinna að núna eru rafbókafærslur í OverDrive = Rafbókasafnið. Um er að ræða hljóðbækur og rafbækur á vef frá OverDrive, færslunum verður hlaðið inn í Gegni. Þóra Gylfadóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir eru að vinna að þýðingu á vefnum fyrir íslenska notendur.

Til stendur að hlaða úrdráttum bóka í Bókatiðindum inn í færslur. Byrjað verður á 2016 og athugað verður með að vinna afturábak í framhaldinu.

3. Erindi Helgu Kristínar um skráningu á rafrænu efni.

Nú þegar hefur verið ákveðið að skrá í sitt hvoru lagi pappírseintök og rafræn eintök. Í framhaldinu þarf að taka ákvörðun um ýmis atriði t.d. varðandi greiniskráningu bókakafla.

1. Þó til sé færsla fyrir pappírseintak í Gegni á að skrá rafrænan bókarkafla sem móðurleysingja.
2. Það þarf að tvískrá bókarkafla ef bæði er til prentuð bók og rafræn bók.
3. Nauðsynlegt er að gera greinarmun á rafrænum bókarkafla og pappírskákarkafli á leitir.is (nýtt útlit á leitir.is er vinnslu og verður tekið tillit til þess)

4. Í framhaldinu verður unnið með tímaritin og tímaritsgreinar.

Þegar leiðbeiningar eru tilbúnar og komnar inn í Handbók skrásetjara verður send út tilkynning um breytt verklag við skráningu á rafrænu efni.

Meira um rafræn gögn

Í framhaldinu verður lögð áhersla á að útgefendur rafrænna gagna noti sitt hvort ISBN nr. á rafræn gögn og prentuð. En ef rafræn gögn og prentuð eru með sama ISBN nr. skal í báðum færslum nota deilisvið a fyrir númerið og deilisvið q til að greina á milli með stöðluðum texta (|q rafrænt og |q bindi)

Breyting á orðalagi í grunnskjali um skráningu á rafrábókum. Í sviði 300 fer betur á að nota 1 rafrænt gagn, einnig samræmist það orðalagi í sviði 338.

4. Fræðslufundur skrásetjara 17. mars.

Tillögur að dagskrá:

Breytingar á meðferð rafrænna gagna

Kynning á OverDrive

Fréttamolar (stutt): Leit að nýju bókasafnskerfi
 Þýðingarskrá og fix skrár (Sigurður?)
 Úrdrættir úr Bókatíðindum
 Nýtt útlit á Leitir.is
 Greiniskráning tímarita (tímarit í fóstri) (Helga Kristín?)

5. Önnur mál

Það er orðið tímabært að leggja niður facebookhópinn RDA-skráning á Íslandi.

Kerfisvinna í Gegni. Þjónustupakki verður uppfærður í prófunarumhverfi í næstu viku. Prófunarumhverfi miðast við 7. janúar 2017.

Stefnt er að sameiginlegum fundi skráningarráða Gegnis og Sarps annan fimmtudag í mars.

Næsti fundur er áætlaður 9. febrúar kl. 10:30-12:30 í húsakynnum
Landskerfis bókasafna